

41. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn miðvikudaginn 21. september 2022 á Teams og hófst fundurinn kl. 14:00.
Fundi slitið kl. 16.13.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þróstur Friðfinnsson. Guðjón M. Ólafsson sat fundinn í stað Helga Einarssonar sem boðaði forföll. Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

1. Staða sorpsamþykkt

Smári Jónas Lúðvíksson starfsmaður SSNE og Stefán Gíslason umhverfisfræðingur mættu á fund stjórnar undir þessum lið og kynntu stöðu vinnu við svæðisáætlun sorpmála.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna. Starfsmenn SSNE munu fylgja kynningunni eftir við sveitarfélögin á starfssvæði SSNE á næstu dögum og vikum.

Stefán Gíslason yfirgaf fundinn í lok þessa dagskrárliðar.

2. Spretthópar í umhverfismálum

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um að koma á fót fimm spretthópum í umhverfismálum. Til að vinna með hópunum yrði ráðinn tímabundinn starfsmaður í 10 mánuði sem hefði það hlutverk að vinna úr niðurstöðum þeirra og fylgja verkefnum eftir til framkvæmdar. Ætlunin er að þetta vinnulag geti skilað fljótt skýrum framkvæmanlegum verkefnum sem yrði forgangsraðað inn í vinnu SSNE á næsta ári, sem og miðlað til annarra aðila innan landshlutans, og mögulega utan hans. Vinna spretthópanna verður fjármögnuð í gegnum áhersluverkefnið Stefnumótun og aðgerðaráætlun í landsnýtingu, orkuskiptum og úrgangsmálum.

Stjórn fagnar útfærslunni á verkefninu enda er brýn nauðsyn að ganga til verks í umhverfismálum.

Smári Jónas yfirgaf fundinn í lok þessa dagskrárliðar.

3. Fundargerð Fagráðs umhverfismála frá 23. júní 2022

Lögð fram á ný fundargerð Fagráðs umhverfismála frá 23. júní 2022. Í fundargerðinni eru fimm ályktanir ráðsins sem beint er til stjórnar SSNE og sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra.

- a. *Ályktun fagráðs umhverfismála um meðferð lífúrgangs í tengslum við fund Stjórn þakkar hvatninguna. Þetta mál er í farvegi og verður hagkvæmnimat fyrir líforkuver kynnt um miðjan október og verður þá mögulegt að taka ákvarðanir um næstu skref.*

- b. *Ályktun fagráðs umhverfismála SSNE um gjaldskrár sveitarfélaga fyrir sorphirðu*
Stjórn samþykkir að vísa þessum lið fundargerðarinnar til sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra til kynningar ásamt fundargerð fagráðsins.
- c. *Ályktun fagráðs umhverfismála SSNE um nýframkvæmdir í sveitarfélögum*
Stjórn samþykkir að vísa þessari þessum lið fundargerðarinnar til sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra til kynningar ásamt fundargerð fagráðsins.
- d. *Tillaga um að SSNE stofni spretthópa sem leggi til aðgerðir í loftslagsmálum á svæðinu*
Stjórn vísar til afgreiðslu 2. liðar þessa fundar.
- e. *Almenn ályktun um mikilvægi umhverfismála*
Stjórn samþykkir að vísa þessum lið til sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra til kynningar ásamt fundargerð fagráðsins.

4. Undirbúningur fyrir aukaping

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu undirbúnings vegna aukapings SSNE sem haldið verður í Eyjafjarðarsveit í lok vikunnar.

5. Dagsetning aukapings í desember

Stjórn ræddi dagsetningu aukapings SSNE sem haldið verður í desember. *Stjórn samþykkir að aukaping SSNE í desember verði haldið þann 2. desember n.k. og verður þingið haldið rafrænt.*

6. Vindorkuferð til Danmerkur

State of green og danska sendiráðið á Íslandi, í samstarfi við Grænvang, bjóða hagaðilum í vettvangs- og fræðsluferð um hagnýtingu vindorku 24.-27. október næstkomandi. Í ferðinni sem farin verður um Jótland og Samsø gefst þátttakendum færi á að heimsækja sveitarfélög, fyrirtæki, hagsmunasamtök í ferðamálum og náttúruvernd og aðra hagaðila sem komið hafa að hagnýtingu vindorku á svæðinu.

Stjórn SSNE felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

7. Minnisblað um fjárlög 2023 – áhrif á Norðurlandi eystra

Framkvæmdastjóri kynnti drög að minnisblaði þar sem greindar eru helstu breytingar í fjárlögum ársins 2023 er varða byggð og samfélög á Norðurlandi eystra. *Stjórn SSNE felur framkvæmdastjóra að senda drögin á sveitarfélögin á Norðurlandi eystra til kynningar en frestar málinu að öðru leiti til næsta fundar. Stjórn SSNE hvetur sveitarstjórnarfólk og aðra sem gætu vitað af fleiri málefnum er varða landshlutann eða einstakar byggðir innan hans sem ættu heima í þessari samantekt að hafa samband við starfsfólk SSNE.*

8. Efni til kynningar

- a. [Fundargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál frá 22. ágúst 2022.](#)
- b. [Fundargerð 83. fundar stjórnar SSNV frá 6. september 2022.](#)

- c. [Kynningar frá Heimsmarkmiðafundi og Matchmaking in Stockholm 13-14 October.](#)
- d. [Fundargerð 586. fundar stjórnar SASS frá 2. september.](#)

9. Önnur mál

- a. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra*
Framkvæmdastjóri greindi frá helstu verkefnum á borði framkvæmdastjóra frá síðasta fundi stjórnar.
- b. *Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs*
Þessum lið er frestað til næsta fundar.
- c. *Minnisblað vegna vinnu framkvæmdastjóra í júlí*
Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi vegna vinnu framkvæmdastjóra í júlí.
- d. *Staðfesting á skipan fjallskilanevndar Eyjafjarðar*
Fyrir liggja tilnefningar Búnaðarsambands Eyjafjarðar á skipan í fjallskilanevnd Eyjafjarðar. Markavörður verði Anna Guðrún Grétarsdóttir, Hörgársveit. Aðrir í fjallskila- og markanefnd verði Birgir Arason, Eyjafjarðarsveit og Sigurbjörg Einarsdóttir, Dalvík. Til vara verði Þórarinn Ingi Pétursson, Grýtubakkahreppi og Arnar Ingi Tryggvason, Hörgársveit.
Stjórn staðfestir þessa skipan fjallskilanevndar Eyjafjarðar.